

N1 ehf. Bensinstöð  
Ásvellir 1  
221 Hafnarfjörður

Kópavogur, 18. desember 2023  
Tilvísun: E47694

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: gudrung@n1.is

## Eftirlitsskýrsla

<b>Tilefni:</b> Reglubundið eftirlit	<b>Eftirlit framkvæmt:</b> 5.12 og 7.12.2023
<b>Starfsleyfi gildir til:</b> 27.2.2023	<b>Starfsemi:</b> Bensinstöð
<b>Aðsetur:</b> Ásvellir 1	<b>Kt.</b> 4110033370
<b>Fulltrúar fyrirtækis</b> Guðrún Ósk Gísladóttir og Kristján Rósinkransson <b>Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits:</b> Ríkharður F. Friðriksson og Sigrún H. Halldórsdóttir, heilbrigðisfulltrúar	

Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælafresti verður eftirlitsskýrslan birt á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; [www.heilbrigðiseftirlit.is](http://www.heilbrigðiseftirlit.is).

## Umfang eftirlits

Eftirlit fór fyrst og fremst fram skv. reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr. 884/2022, reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 auk reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Eftirlitið fór fram dagana 5. desember á skrifstofu fyrirtækisins og 7. desember á þjónustustöðinni. Annars vegar voru aðstæður á starfstöð bensinstöðvarinnar skoðaðar og mælingar gerðar í olíuskilju og svo skoðun á rekstrarbókhaldi auk annars er varðar mengunarvarnaeftirlit starfsleyfishafa sbr. reglugerð nr. 884/2022.

## Niðurstöður eftirlits

### Ásýnd stöðvar:

Engar athugasemdir.

### Áfyllingar- og afgreiðsluplön:

Engar athugasemdir.

### Merkingar og viðvörunarbúnaður:

Engar athugasemdir.

### Þrif á dælum og plönun:

Engar athugasemdir.

### Áfyllingarpúlt:



Engar athugasemdir.

*Olíuskilja:*

Í skiljunni mældust 7 cm af olíu.

*Olíutankar:*

Verulegt vatnmagn er ofan á tönkunum og sjáanleg ummerki um að vatnið hafi náð yfir barka og annan búnað á einhverjum tímapunkti. Tæma þarf vatnið ofan af tönkunum hið fyrsta. Kanna þarf hvað veldur því að svo mikið vatn safnast upp, og framkvæma úrbætur sem hindra vatnssöfnun með þessum hætti.

*Rekstrarhandbók og viðbragðsáætlun:*

1. Óskað hefur verið eftir afriti af skýrslu nýjustu þjónustuskoðun frá ODR
2. Ábyrgðatrygging- gild skírteini fyrir ábyrgðartryggingu að upphæð 1 milljón SDR samanber 1. mgr. 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.
3. Í yfirliti yfir mælt olíulag í olíuskilju eftir mánuðum kemur ítrekað fram að mældir hafi verið 0 cm. Komið hefur í ljós að N1 hefur verið að mæla magn olíu í sýnatökubrunni og skrá inn. Fram kemur í 33. gr. rg. 884/2017 að mæla þurfi vökvann í olíuskiljunni sjálfri og því þarf að breyta þessu verklagi.

*Annað:*

Starfsleyfi bensínstöðvarinnar rennur út 27. febrúar n.k. svo nauðsynlegt er að sækja um endurnýjun á starfsleyfinu [hér](#).

Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar innan 14 daga til Heilbrigðiseftirlitsins að Hlíðasmára 14, 201 Kópavogi, pósthólf 329, eða á tölvupóstfangið [hef@heilbrigdiseftirlit.is](mailto:hef@heilbrigdiseftirlit.is).

Virðingarfyllst,



Sigrún Hrönn Halldórsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi

